

AKUREYRARBÆR  
TÆKNI- OG UMHVERFISSVIÐ


Umhverfisstofnun  
Helgi Jensson  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍK

Akureyri, 26. júní 2006  
Tilvísun: 2004070035 / 11-001

**Efni: Grænt bókhald v/ malbikunarstöðvar Akureyrarbæjar**

Meðfylgjandi er skýrsla, grænt bókhald, fyrir malbikunarstöð Akureyrarbæjar árið 2005. Skýrslan er undirrituð af formanni framkvæmdaráðs Akureyrarbæjar, 10. júní sl. og af endurskoðun KPMG sama dag. Beðist er velvirðingar á hve skýrslan berst seint en fyrir því eru óviðráðanlegar ástæður.

Virðingarfyllst  
f.h. Akureyrarbæjar



Jónas Vigfússon

**Skýrsla um  
grænt bókhald  
fyrir árið 2005**

**Malbikunarstöð  
Akureyrarbæjar**

**við Súluveg  
Akureyri**

**Akureyrarbær**

**Akureyri, júní 2006**

## Efnisyfirlit

Yfirlýsing stjórnanda .....	2
Staðfesting endurskoðanda .....	3
Almennar upplýsingar .....	4
Hráefnis- og auðlindanotkun .....	5

## Yfirlýsing stjórnanda

Hér birtist skýrsla um grænt bókhald fyrir starfsemi Malbikunarstöðvar Akureyrar á árinu 2005, sbr. reglugerð nr. 851/2002. Starfsemi stöðvarinnar felst í framleiðslu malbiks til notkunar á götur, vegi, gangstéttar, bílastæði og fleira. Grunnefni eru aðallega íslensk steinefni og innflutt asphalt. Helstu breytingar sem urðu á starfseminni á árinu frá því sem verið hefur er að framleiðsla varð um 30% minni en árið áður.

Akureyri, 10. júní 2006



## Staðfesting endurskoðanda

Við höfum endurskoðað skýrslu Malbikunarstöðvar Akureyrar um grænt bókhald fyrir árið 2005. Skýrsla um grænt bókhald er lögð fram af stjórnendum stöðvarinnar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.


Megintilgangur með endurskoðun okkar hefur verið að meta hvort skýrsla stöðvarinnar um grænt bókhald samræmist þeim kröfum sem gerðar eru í íslenskri löggjöf, þar með talið:

- að kanna hvort tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu reiknaðar með áráðanlegum hætti og settar fram í samræmi við þær aðferðir sem stjórnendur stöðvarinnar hafa skilgreint.
- hvort upplýsingar séu í samræmi við fjárhagsbókhald stöðvarinnar og þær tölur sem sendar eru þeim aðila sem hefur eftirlit með starfsleyfi vegna mengunarmælinga.
- að kanna hvort skilyrðum í lögum og reglum varðandi innihald skýrslna um grænt bókhald sé fullnægt.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að skýrsla um grænt bókhald sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, spurningar til starfsmanna stöðvarinnar, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingar sem fram koma í skýrslunni. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á því hvort framkvæmd mælinga og útreikninga sé í samræmi við þær lýsingar sem fram koma í skýrslunni. Í endurskoðuninni felst jafnframt mat á þeim aðferðum sem notaðar eru við gerð skýrslunnar.

Það er álit okkar að skýrsla Malbikunarstöðvar Akureyrarbæjar um grænt bókhald á árinu 2005 sé gerð í samræmi við lög og reglur um innihald skýrslna um grænt bókhald og að tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.

Akureyri, 10. júní 2006.

  
Gunnar G. Gunnarsson  
KPMG Endurskoðun Akureyri hf.

## **Almennar upplýsingar**

Malbikunarstöðin er hluti af framkvæmdamiðstöð Akureyrarbæjar og rekin undir yfirstjórn framkvæmdadeildar Akureyrarbæjar. Deildarstjóri framkvæmdadeildar er Jónas Vígússon, verkfræðingur.

## **Starfsleyfi**

Malbikunarstöðin starfar skv. starfsleyfi sem var gefið var út 8. október 2004. Starfsleyfishafi er Akureyrarbær, Geislagötu 9, 600 Akureyri. Það var gefið út af Umhverfisstofnun og gildir til 1. júní 2015. Eftirlit með starfsemi er í höndum Umhverfisstofnunar.

Númer fyrirtækjaflokks, sbr. fylgiskjal með reglugerð um grænt bókhald, er 6.11.

## **Afmörkun starfseminnar**

### **Staðsetning**

Malbikunarstöðin er staðsett við Súluveg á Akureyri.

### **Stærð fyrirtækisins og athafnasvæði þess**

Athafnasvæði malbikunarstöðvarinnar er um 1 hektari að stærð og er í um 147 – 148 m hæð yfir sjávarmáli. Stöðinni tilheyrir tveir tuttugu tónna upphitaðir geymar fyrir asfalt ásamt starfsmannahúsi og litlum geymslum. Einnig tilheyrir starfsemi 1.400 tónna löndunargeymir fyrir asfalt og er hann staðsettur á hafnarkanti við Skipatanga.

## Hráefna- og auðlindanotkun

Malbiksframleiðsla á árinu 2005 var samtals 10.933 tonn. Árið 2004 var framleiðslan 16.123 tonn. Malbikið er 93,5% steinefni og 6,5% asfalt.

Við framleiðsluna 2005 voru því notuð um 10.222 tonn af steinefnum og 711 tonn af asfalti. Steinefnin eru að mestum hluta unnin úr klöpp við Krossanes skammt norðan Glerár.

Asfaltinnflutningur á árinu 2005 nam samtals 3.507 tonnum en að teknu tilliti til birgðabreytinga var gegnumstreymi samtals 2.932 tonn.

Asfalt umfram notkun í malbikunarstöð er selt til annarra, svo sem Vegagerðarinnar.

## Malbikunarstöð

### Olíunotkun

Til þurrkunar og upphitunar steinefna er notuð flotaolía.

Heildarmagn olíu á árinu 2005 varð 123.489 lítrar eða um 11,3 lítrar á hvert tonn af malbiki.

### Raforkunotkun

Malbikunarstöðin er rafmagnsdrifin og einnig er rafmagn notað til að halda asfalti heitu. Raforkunotkun á árinu 2005 varð samtals 219.700 kwst. eða 20,1 kwst. á framleitt tonn af malbiki.

## Asfaltgeymir

### Raforkunotkun

Til að halda asfalti heitu í löndunargeymi er notuð raforka.

Raforkunotkun á árinu 2005 varð samtals 388.307 kwst. eða 132,4 kwst. á hvert tonn af asfalti sem fór í gegnum löndunargeyminn.

## Útblástursloft

Samkvæmt starfsleyfi grein 3.2 skal mæla ryk í útblásturslofti að minnsta kosti einu sinni á ári og má það ekki vera meira en 100 mg/Nm<sup>3</sup> skv. grein 2.1 í starfsleyfi.

Mæling ryks fór fram 8. september 2005 og reyndist heildarryk frá brennslunni vera um 52 mg/Nm<sup>3</sup> að meðaltali.